

## Umsögn *Festu* - miðstöðvar um sjálfbærni um aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum eins og hún birtist á vefsvæðinu [www.co2.is](http://www.co2.is).

**21. september 2024**

Þá má auðveldlega færa rök fyrir því að aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sé mikilvægasta áætlun ríkisins fyrr og síðar. Ekkert málefni er jafn brýnt og mun hafa jafn afgerandi áhrif á tækifæri atvinnulífs og samfélagsins alls til að viðhalda blómlegri byggð á þessari norðlægu eyju til framtíðar.

Festa fangar því að stjórnvöld ætli sér að vera í virku samstarfi við atvinnulífið í gegnum fjölda aðgerða. Flóra aðgerða í aðgerðaráætluninni sýna skýran vilja til þess að virkja einkageirann og nýta slagkraft atvinnulífsins. Það er hvetjandi að sjá aðgerðir sem ýta undir nýsköpun og sjálfbærar lausnir. Hins vegar myndu flestar þessara aðgerða njóta góðs af töluvert meiri skýrleika og nákvæmni til að tryggja árangursríka framkvæmd. Skortur er á skýrari upplýsingum um hvernig innleiðingar-, fjármögnunar- og framkvæmdaferlið muni ganga fyrir sig. Ekki er ljóst hvort aðgerðaráætlun verði lifandi verkfæri að því marki að hægt verði að fylgjast með framgangi verkefna í rauntíma, þeim kostnaði sem af þeim hefur hlotist hverju sinni, samdrætti sem reiknað er með að aðgerðin hafi þegar náð o.s.frv. Einnig er mikilvægt að skýra hvort hægt verði að leggja til nýjar aðgerðir þegar hugmyndir um slíkar kvikna.

Framkvæmd aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum verður kostnaðarsöm og því er mikilvægt að fá sem mest fyrir peninginn. Jafnframt þarf að greina gloppur í áætluninni og meta kostnað sem hlýst af því að ráðast ekki í ákveðin verkefni. Framkvæmd kostnaðar- og ábatagreiningar ætti því að vera í forgangi og unnin samhliða frekari mati á hve miklum samdrætti hver aðgerð muni skila. Slík greining skilar forgangsröðun við innleiðingu en skapar einnig skýrleika í nú þegar skautaða umræðu um hvaða aðgerðir skila mestum samdrætti í losun fyrir sem minnsta fjármuni.

Í því skyni að auka hagkvæmni innleiðingar skortir enn frekari samþættingu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum við aðrar áætlanir og stefnur ríkisins, en þannig mætti slá tvær flugur í einu höggi. Má þar nefna til dæmis aðgerðaráætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum, búvörusamninga, samgönguáætlun og byggðaáætlun. Má vera að slík samþætting hafi átt sér stað í undirbúningi aðgerðaráætlunarinnar en ef svo er mætti lyfta betur upp þeim samlegðaráhrifum og sparnaðartækifærum sem nýta má með því að koma auga á skörun í verkefnasviðum ríkisins.

Við finnum fyrir miklum áhuga og vilja hjá okkar aðildarfélögum að taka þátt og vera leiðandi afl í loftslagsaðgerðum. Við erum sannfærð um að með því að veita aðstoð á réttum stöðum og með lifandi samstarfi muni atvinnulífið gegna lykilhlutverki í að ná markmiðum Íslands í

loftslagsmálum. Sem samtök sem helga sig sjálfbærni erum við hjá Festu í góðri stöðu til að brúa bilið milli hins opinbera og einkageirans og styðja við frekari útfærslu sumra aðgerða.

### **Dæmi um slíkar aðgerðir eru:**

S.7.B.2. Hagrænir hvatar vegna úrgangsstrauma

Þ.1.A.4: Áhrif hagrænna hvata vegna orkuskipta

Þ.1.A.10: Samráðshópar stjórnvalda og atvinnugreina um markvissar ívilnanir til loftslagsvænna fjárfestingar

Þ.2.B.1: Loftslagsglæraugu í nýsköpunar- og rannsóknarumhverfið

Þ.2.D.2. Heilsteypt stefnumótun um orkuskipti

Þ.2.D.7. Innleiðing Evróputilskipunar um sjálfbærniupplýsingar í reikningskilum (CSRD)

Þ.2.E.1. Samfélagsleg áhrif loftslagsaðgerða

Þ.2.E.2: Smitáhrif landsins í þágu hnattrænnar ábyrgðar

### **Festa vill koma á framfæri athugasemdum við eftirfarandi aðgerðir:**

#### **S.7.B.2. Hagrænir hvatar vegna úrgangsstrauma**

- Hagrænir hvatar vegna úrgangsstrauma geta verið mjög gagnlegir og nú þegar eru aðgerðaráætlanir í gangi fyrir stóra úrgangsstrauma svo sem frá byggingariðnaði (Byggjum grænni framtíð), sjávarútvegi (samstarfssamningur SFS og Úrvinnslusjóðs) o.s.frv. Nálágast mætti fjölbreyttari hópa rekstraraðila með því að nota hugmyndafræðina sem kennd hefur verið við “100% Fiskur” að fyrirmynd Sjávarklasans, þ.e. að fullnýta afurðir í framleiðslu- og framkvæmdafyrirtækjum og ná þannig fram sparnaðir, arðsemi vegna nýrra viðskiptamóðela og samdrátt í losun allt á sama bretti. Festa lýsir sig tilbúna í samtal um aðgerðina.

#### **Þ.1.A.3. Markviss stuðningur við orkuskipti gegnum Orkusjóð**

- Hér vantar betri útskýringu á útfærslu. Hvernig verða starfsreglur og úthlutun átakssjóðsins (Orkusjóð) breytt til að auka samdrátt í losun?

#### **Þ.1.A.4. Áhrif hagrænna hvata vegna orkuskipta**

- Hér er markmið að skapa grundvöll fyrir upplýstar ákvarðanir um hagræna hvata sem stuðla að orkuskiptum. Þessi aðgerð er á hugmyndastigi og getur Festa ásamt aðildarfélögum okkar verið með innlegg í útfærsluna á þessari aðgerð.

#### **Þ.1.A.6. Ívilnun vegna kolefnisjöfnunar**

- Ívilnun vegna kolefnisjöfnunar þarf að passa að verði vottuð og ganga úr skugga um að enginn grænþvottur eigi sér stað.

### **P.1.A.10. Samráðshópar stjórnvalda og atvinnugreina um markvissar ívilnanir til loftslagsvænna fjárfestingar**

- Samráðshópur stjórnvalda og atvinnugreina um markvissar ívilnanir til loftslagsvænna fjárfestingar er góð aðgerð en hvaða atvinnugreinar verða teknar fyrir og hvernig verður það útfært. Hér væri æskilegt að fókus loftslagsvænna fjárfestinga næði út fyrir ramma orkuskipta og horfði líka til fjárfestinga í til að mynda hringrásarlausnum eða auðgandi landnotkun. Festa lýsir til tilbúna í samtali um aðgerðina.

### **P.1.B.1. Loftslagsvænni opinber innkaup og framkvæmdir**

- Ef aðgerðin á að fókusera á mannvirkjagerð þá væri ein af sterkustu loftslagsaðgerðunum að huga að betri endingu opinberra fasteigna, bæði með skýrari gæðakröfum í framkvæmdafasa en líka með hvötum sem auka líkur á vönduðu, langtíma viðhaldi fasteigna. Í því samhengi er eðlilegt að tengja inn notkun umhverfisvottana sem einmitt taka á þessum þáttum.

### **P.2.B.1. Loftslagsglæraugu í nýsköpunar- og rannsóknarumhverfið**

- Þessi aðgerð hefur verið í framkvæmd frá 2021 og á að ljúka 2024. Það er almennt gott að auka opinberan stuðning við nýsköpun í sjálfbærum lausnum og að áhersla verði lögð á slíkar lausnir í styrkjum á rannsóknarverkefnum og sprotafyrirtækjum. Lýsing á útfærslu er þó takmörkuð og því engin leið að meta útfærsluna. Komið hefur fram í erindum nýsköpunaraðila á ýmsum viðburðum að það er ekki fyrst og fremst skortur á einstaka styrkjum sem hamlar nýsköpun í loftslagslausnum. Það virðist frekar vera skortur á þolinmóðu fjármagni til að ýta nýsköpunarfyrirtækjum úr hugmyndafasanum yfir í rekstrarfasa. Einnig vantar stöðugari markaði fyrir nýskapandi lausnir og því mætti tengja þessa aðgerð við aðgerð P.1.B.1. Festa lýsir sig tilbúna í samtali um aðgerðina.

### **P.2.B.2. Endurspeglar áskoranir loftslagsmála í sjóðakerfi**

- Það er jákvætt að framlög hafi aukist en aftur vantar betri lýsingu á útfærslu. Hvernig á að auka skilvirkni og áhrifa í þágu samfélags og loftslagsmála? Hvernig er endurskoðun og endurskipulagningu háttáð? Mikilvægt er að virkja atvinnulífið til þátttöku.

### **P.2.C.1. Gagnaöflun og miðlun vegna loftslagsmála**

- Þegar hugað er að miðlun upplýsinga um loftslagsmál og samræmdri orða- og hugtakanotkun væri rétt að búa til tengingu við þýðingarvinnu á ESRS sem er staðalinn sem liggur til grundvallar CSRD því í þeim staðli mun verða mótað að miklu leyti það orðfæri sem atvinnulífið mun viðhafa um loftslagsmál framvegis.

### **P.2.D.1. Endurskoða loftslagsstefnu Stjórnarráðsins**

- Sjálfsgagt er að endurskoða loftslagsstefnu Stjórnarráðsins regulega. Enn sterkara hefði verið að gert verði losunarmat á öllum stefnum Stjórnarráðsins, ráðuneyta og stofnana. Stefnur ríkisins eru margar og viðamiklar og eins og gefur að skilja fela þær í sér stefnumótandi ákvarðanir um framkvæmdir, landbúnað, samgöngur o.s.frv. og því eru loftslagsáhrif þeirra mikil, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð.

### **P.2.D.2. Heilsteipt stefnumótun um orkuskipti**

- Heilsteypt stefnumótun um orkuskipti er gífurlega mikilvægt tól sem okkur skortir í dag sem samfélag. Mikilvægt er að huga að öllum leikendum í slíkri stefnu. Þótt orkufyrirtæki, dreifingaraðilar og framleiðslufyrirtæki/stórnotendur verða eðlilega fyrirferðamikil í slíkri stefnumótun þá má ekki gleyma þeim hluta atvinnulífsins sem notar sömu innviði og býr við sama afhendingaröryggi og almenningur, en það er einmitt mikill meiri hluta íslenskra fyrirtækja.

#### **Þ.2.D.6. Breyting á regluverki vegna skila á umhverfisupplýsingum**

- Það er mjög æskilegt að einfalda skil á umhverfisupplýsingum rekstraraðila. Gott er að huga í því samhengi annars vegar að því að samræma upplýsingagjöf við það sem fyrirtæki þurfa nú þegar að sýna fram á í gegnum EU Taxonomy og CSRD en einnig þær innleiðingar sem eru í farvatninu svo sem þegar CSRD verður þróað áfram til að ná utan um upplýsinga um áhrif á vistkerfi á athafnasvæðum rekstraraðila með mögulegri tengingu við TNFD kerfið ofl. Einnig ætti að leggja áherslu á að gera rekstraraðilum kleift að skila gögnum á rafrænu formi (API) og tryggja að opinberir aðilar séu í stakk búinir til að taka á móti göngum á slíku formi. Með því verða til mikilvægar upplýsingar sem geta t.d. verið undirstaða akademískra rannsókna eða forsenda nýsköpunar í hringrásarhagkerfinu.

#### **Þ.2.D.7. Innleiðing Evróputilskipunar um sjálfbærniupplýsingar í reikningsskilum (CSRD)**

- Þessi aðgerð lýsir fremur litlum metnaði í jafn áhrifamikilli innleiðinu. Það er varla þörf á að telja til innleiðingu á EES tæku regluverki sem aðgerð í aðgerðaráætlun. En ef það er vilji til að beina sjónum sérstaklega að innleiðingunni þá væri upplagt að skýra nánar hvernig stefnt er að því að ná hraðri innleiðingu, með skýru starfsumhverfi eftirlitsaðila sem tryggir samræmi í þeim ramma sem rekstraraðilum er gert að vinna eftir. Þannig má breyta kvíðavaldandi innleiðingu fyrir rekstraraðila yfir í valdeflandi verkfæri sem veitir þeim tól til að greina tækifæri til samdráttar í losun í eigin rekstri og virðiskeðjunni. Festa lýsir sig tilbúna í samtal um aðgerðina.

#### **Þ.2.E.1. Samfélagsleg áhrif loftslagsaðgerða**

- Samfélagsleg áhrif aðgerða stjórnvalda eru mikilvæg og tengjast vinnu sem atvinnulífið er að setja aukinn fókus á í gegnum verkefni sem tengjast inngildingu, réttlátum umskiptum og mannréttindum bæði á vinnustað og í virðiskeðjunni. Festa gæti haft hlutverki að gegna í mótun slíkra leiðbeininga. Þess má geta að nú þegar stendur yfir vinna á vegum Festu við að setja saman Vegvísi um félagslega sjálfbærni.

#### **Þ.2.E.2. Smitáhrif landsins í þágu hnattrænnar ábyrgðar**

- Þessi aðgerð er á hugmyndastigi en hér getur samstarf við atvinnulíf verið gagnlegt. Að auki þarf að útskýra hér hvort er verið að tala um smitáhrif íslenska ríkisins eða einnig atvinnulífs og einkaneyslu. Smitáhrif eru nátengd áhrifum okkar, atvinnulífs og samfélags, af losun sem fellur undir umfang þrjú í virðiskeðju aðfanga. Með innleiðingu CSRD munu rekstraraðilar á næstu árum þurfa að leggja mikla vinnu í að ná utan um áhrif sín í alþjóðlegri virðiskeðju ásamt því að framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu og því er Festa með þetta ofarlega í forgangsröðun verkefna sinna. Festa lýsir sig því

áhugasama um að taka þátt í að móta framtíðarsýn, markmið og aðgerðaráætlun til að lágmarka neikvæð smitáhrif Íslands.

### **B.2.E.3. Græni loftslagssjóðurinn**

- Þetta getur verið mjög áhrifa mikil aðgerð þar sem við náum oft miklum sýnilegum árangri með verkefnum í þróunarríkjum. Þessi nálgun talar líka vel inn í þá nálgun sem SBTi (Science Based Target Initiative) er að vinna með undir heitinu “Beyond Value Chain Mitigation” en þess má geta að Festa hefur stofnað hóp fyrirtækja sem eru farin að vinna með SBTi undir heitinu “Loftslagsleiðtogar Festu”.